

**1992 nr. 30 27. maí****Lög um yfirsattanefnd**

**Tóku gildi 1. október 1992.** *Breytt með* l. 111/1992 (tóku gildi 1. jan. 1993), l. 37/1993 (tóku gildi 1. jan. 1994), l. 31/1995 (tóku gildi 1. jan. 1996), l. 37/1995 (tóku gildi 9. mars 1995), l. 96/1998 (tóku gildi 24. júní 1998), l. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbák. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 136/2009 (tóku gildi 1. jan. 2010), l. 165/2010 (tóku gildi og komu til framkvæmda skv. fyrirætlum í 69. gr.), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 123/2014 (tóku gildi 1. jan. 2015) og l. 125/2015 (tóku gildi 1. jan. 2016 nema 2., 4.–5., 8., 24., 31., 37., 45., 48.–52., 54.–55. og 57.–58. gr. sem tóku gildi 31. des. 2015 og a–d-liður 1. gr., 6.–7., 13. og 15. gr. sem taka gildi 1. jan. 2017; komu til framkvæmda skv. fyrirætlum í 59. gr.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**Upphafsaðkvæði.**

■ **1. gr.** Ágreiningsmál um ákvörðun skatta, gjalda og skattstofna, þar með talin rekstrartöp, skulu úrskurðuð af sérstakri óháðri nefnd, yfirsattanefnd.

**Gildissvið.**

■ **2. gr.** [Yfirsattanefnd skal úrskurða í kærnumálum vegna skatta og gjalda sem lögð eru á eða ákvörðuð af ríkisskattstjóra. Yfirsattanefnd skal úrskurða í kærnumálum vegna þeirra ákvarðana tollstjóra sem greinir í 118. gr. tollalaga. Jafnframt tekur úrskurðarvald yfirsattanefndar til annarra ákvarðana ríkisskattstjóra og tollstjóra eftir því sem mælt er fyrir um í lögum.

□ Yfirsattanefnd skal úrskurða í kærnumálum vegna ákvörðunar skatta og gjalda sem lögð eru á eða ákvörðuð af öðrum stjórnvöldum en greinir í 1. mgr. eftir því sem ákveðið er í lögum.

□ Yfirsattanefnd skal úrskurða um sektir vegna brota á skattalögum, lögum um bókhald og lögum um ársreikninga, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 123/2014, 1. gr.

**Aðild.**

■ **3. gr.** [Aðila máls er heimilt að skjóta ákvörðun ríkisskattstjóra, tollstjóra eða annars stjórnvalds, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr., til yfirsattanefndar. Með hugtakinu stjórnvald er í lögum þessum átt við það stjórnvald sem tekið hefur ákvörðun sem kærnanleg er til yfirsattanefndar.]<sup>1)</sup>

□ [Viðkomandi sveitarfélagi er eftir atvikum heimilt að kæra [ákvarðanir]<sup>2)</sup> ríkisskattstjóra til nefndarinnar með sama hætti og [málsaðilar]<sup>1)</sup> og að uppfylltum sömu skilyrðum.]<sup>3)</sup>

□ [Við ákvörðun sekta skv. 3. mgr. 2. gr. kemur skattrannsóknarstjóri ríkisins fram sem kröfuaðili nema annað sé tekið fram í lögum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 123/2014, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 125/2015, 41. gr. <sup>3)</sup> L. 136/2009, 67. gr.

**Lögsaga.**

■ **4. gr.** Yfirsattanefnd hefur lögsögu á öllu landinu og hefur aðsetur í Reykjavík. Nefndinni er þó heimilt að ákveða málflytningu og úrskurða um einstök ágreiningsmál annars staðar á landinu ef hún telur þörf á.

**Kærufrestur.**

■ **5. gr.** [Kærufrestur til yfirsattanefndar skal vera þrjú mánuðir frá [dagsetningu ákvörðunar]<sup>1)</sup> . . . <sup>2)</sup> [stjórnvalds].<sup>3)</sup>

□ Kæra skal vera skrifleg. Kærnumál skal fylgja frumriti eða endurriti [ákvörðunar]<sup>1)</sup> . . . <sup>2)</sup> [stjórnvalds]<sup>3)</sup> sem kærnan tekur til. Í kærnumálum skal koma fram hvaða atriði í [ákvörðuninni]<sup>1)</sup> sæta kæru og rökstuðningur fyrir kröfum. Gögn, sem ætluð eru til stuðnings kærnumálum, skulu fylgja í frumriti eða endurriti.

□ Ef kæra fullnægir ekki skilyrðum 2. mgr. skal yfirsattanefnd beina því til kæranda að bæta úr annmörkum innan

háfilegs frests. Verði kærandi ekki við því skal yfirsattanefnd vísa kærnumálum frá.]<sup>4)</sup>

□ [Kæra til yfirsattanefndar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.]<sup>5)</sup>

<sup>1)</sup> L. 125/2015, 42. gr. <sup>2)</sup> L. 136/2009, 68. gr. <sup>3)</sup> L. 123/2014, 3. gr. <sup>4)</sup> L. 96/1998, 1. gr. <sup>5)</sup> L. 37/1993, 36. gr.

**Gagnaöflun.**

■ **6. gr.** Yfirsattanefnd skal tafarlaust senda [stjórnvaldi]<sup>1)</sup> kæru [málsaðila]<sup>2)</sup> ásamt endurriti af þeim gögnum er kunna að fylgja kæru hans. [Hafi sveitarfélag kært [ákvörðun]<sup>3)</sup> [stjórnvalds],<sup>1)</sup> sbr. 5. gr., skal yfirsattanefnd tafarlaust senda [málsaðila]<sup>2)</sup> endurrit kæru ásamt gögnum er henni fylgdu og gefa [málsaðila]<sup>2)</sup> kost á, innan háfilegs frests, að koma með andsvör sín og gögn. . . . <sup>4)</sup>

□ [Stjórnvald]<sup>1)</sup> skal í tilefni af málsmeðferð fyrir yfirsattanefnd afla frumgagna . . . <sup>4)</sup> varðandi hina kærðu ákvörðun . . . <sup>4)</sup>

□ [Innan 45 daga frá því að stjórnvaldi barst kæra skal stjórnvald hafa lagt fyrir yfirsattanefnd umsögn um kærnumál, eftir því sem það telur tilefni til, og þau gögn sem um ræðir í 2. mgr. Jafnframt skal stjórnvald senda viðbótarupplýsingar ef málavextir þykja vera þess eðlis að ástæða sé til þess að afla frekari gagna.]<sup>1)</sup>

□ [Yfirsattanefnd er jafnan heimilt að beina því til [málsaðila]<sup>2)</sup> eða [stjórnvalds]<sup>1)</sup> að leggja fram frekari gögn eða upplýsingar máli til skýringar ef hún telur málið ekki nægilega upplýst og setja þeim ákveðinn frest í því skyni.]<sup>5)</sup>

□ [Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar er yfirsattanefnd heimilt að taka mál til uppkvaðningar úrskurðar án þess að leita umsagnar stjórnvalds sé málið talið einfalt úrlausnar og ekki þörf á öflun gagna frá stjórnvaldi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 123/2014, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 123/2014, 2. gr. <sup>3)</sup> L. 125/2015, 43. gr. <sup>4)</sup> L. 136/2009, 69. gr. <sup>5)</sup> L. 96/1998, 2. gr.

**Málflytningur.**

■ **7. gr.** [Málsaðila]<sup>1)</sup> er heimilt að óska þess að hann eða umboðsmaður hans geti flutt mál munnlega fyrir yfirsattanefnd. Sömu óskir getur [stjórnvald]<sup>2)</sup> sett fram. Ósk [málsaðila]<sup>1)</sup> eða [stjórnvalds]<sup>2)</sup> um munnlegan málflytningu skal koma fram í rökstuðningi hans í kæru. Formaður yfirsattanefndar ákveður hvort munnlegur málflytningur fari fram og skal tilkynna [málsaðila]<sup>1)</sup> og [stjórnvaldi]<sup>2)</sup> um þá ákvörðun sína.

□ Ef mál er flókið, hefur að geyma vandasöm úrlausnarefni, er sérlega þýðingarmikið eða varðar ágreiningu um grundvallaratriði í skattarétti eða reikningsskilum er yfirsattanefnd heimilt að ákveða sérstakan málflytningu. Skal yfirsattanefnd þá afgreiða mál skv. 4. mgr. 9. gr. og eftir atvikum 10. gr.

□ [Sé eigi þörf á sérstökum málflytningu að mati nefndarinnar skal taka mál til uppkvaðningar úrskurðar að fengnum gögnum sem um ræðir í 6. gr. og andmælum kæranda eftir því sem ástæða er til.

□ Séu gögn skv. 3. mgr. 6. gr. ekki lögð fyrir yfirsattanefnd innan frests sem þar greinir er yfirsattanefnd heimilt að kveða upp úrskurð á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, enda telji hún málið nægilega upplýst.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 123/2014, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 123/2014, 5. gr. <sup>3)</sup> L. 96/1998, 3. gr.

**Lok málsmeðferðar.**

■ **8. gr.** [Yfirsattanefnd skal úrskurða kærnumál eins fljótt og auðið er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að henni hafa borist gögn sem um ræðir í 3. mgr. 6. gr. Ef gögn þessi berast ekki fyrir lok frests sem þar greinir skal sex mánaða fresturinn reiknast frá lokum þess frests.

□ Nú fellur úrskurður yfirséttanefndar [málsaðila]<sup>1)</sup> í hag, að hluta eða öllu leyti, og getur yfirséttanefnd þá úrskurðað greiðslu málskostnaðar úr ríkissjóði, að hluta eða öllu leyti, enda hafi hann haft uppi slíka kröfu við meðferð málsins, um sé að ræða kostnað sem eðlilegt var að hann stofnaði til vegna meðferðar málsins og ósanngjarnt væri að hann bæri þann kostnað sjálfur.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 123/2014, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 96/1998, 4. gr.

#### Nefndarmenn.

■ **9. gr.** Í yfirséttanefnd skulu sitja sex menn sem skipaðir skulu til sex ára í senn og skulu fjórir nefndarmanna hafa starfið að aðalstarfi. Skulu nefndarmenn fullnægja skilyrðum sem sett eru í [85. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],<sup>1)</sup> um embættisgengi [ríkisskattstjóra].<sup>2)</sup> [Ráðherra]<sup>3)</sup> skipar formann og varaformann úr hópi þeirra nefndarmanna sem hafa starfið að aðalstarfi. Báðir skulu uppfylla skilyrði sem sett eru um embættisgengi héraðsdómara. Ætíð skal annaðhvort formaður eða varaformaður taka þátt í úrlausn hvers máls.

□ Formaður yfirséttanefndar hefur yfirstjórn hennar með höndum og ber á henni ábyrgð. Hann fer með fyrirsvar nefndarinnar út á við. Formaður úthlutar nefndarmönnum málum til meðferðar og skipar þeim í deildir ef yfirséttanefnd starfar deildaskipt. Varaformaður er staðgengill formanns og gegnir störfum hans þegar formaður er forfallaður eða fjarstaddur. Hann skipar forsæti þegar formaður situr eigi í nefnd.

□ Í hverju máli skulu þrjú nefndarmenn úrskurða eftir nánari ákvörðun formanns yfirséttanefndar.

□ Hafi yfirséttanefnd ákveðið sérstakan málflutning, sbr. 2. mgr. 7. gr., skulu fimm nefndarmenn taka þátt í úrlausn máls.

<sup>1)</sup> L. 129/2004, 94. gr. <sup>2)</sup> L. 136/2009, 70. gr. <sup>3)</sup> L. 126/2011, 163. gr.

#### Sérfróðir aðilar.

■ **10. gr.** Yfirséttanefnd er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á. Skulu þeir aðilar starfa með yfirséttanefnd eftir nánari ákvörðun formanns eða varaformanns sem ákveður þeim þóknun fyrir starfann.

#### Sératkvæði.

■ **11. gr.** Formaður eða varaformaður stýrir störfum nefndarinnar. Þegar nefndarmenn eru eigi sammála um niðurstöðu ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef nefndin þriklofnar í afstöðu sinni eða niðurstæða getur eigi ráðist af atkvæðamagni ræður atkvæði formanns eða varaformanns ef formaður situr ekki í nefndinni.

#### Skattframtal sem kæra.

■ **12. gr.** Berist yfirséttanefnd kæra sem rökstudd er með skattframtali sem ekki hefur sætt efnisúrlausn hjá [ríkisskattstjóra]<sup>1)</sup> skal nefndin senda kærana til [ríkisskattstjóra]<sup>1)</sup> til [meðferðar að nýju].<sup>2)</sup> [Nefndin skal tilkynna [málsaðila]<sup>3)</sup> og umboðsmanni hans um þá ákvörðun.]<sup>1)</sup>

□ Með slíkt mál skal [ríkisskattstjóri]<sup>1)</sup> fara skv. 99. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],<sup>4)</sup> og ljúka [meðferð málsins]<sup>2)</sup> innan tveggja mánaða frá því að honum barst málið til meðferðar frá yfirséttanefnd.

<sup>1)</sup> L. 136/2009, 71. gr. <sup>2)</sup> L. 125/2015, 44. gr. <sup>3)</sup> L. 123/2014, 2. gr. <sup>4)</sup> L. 129/2004, 95. gr.

#### [Endurákvörðun vegna kæru.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 96/1998, 5. gr.

■ **13. gr.** [Komi fram í kæru til yfirséttanefndar sem ríkisskattstjóri hefur til umsagnar skv. 6. gr. upplýsingar eða gögn sem ekki [lágu fyrir]<sup>1)</sup> við hina kærðu skattákvörðun en ríkisskattstjóri telur að eigi að leiða til verulega breyttrar

niðurstöðu í málinu er ríkisskattstjóra heimilt að gefa [málsaðila]<sup>2)</sup> kost á því að honum verði gerður skattur að nýju, sbr. [2. mgr.]<sup>3)</sup> 101. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],<sup>4)</sup> með þeim áhrifum að kæran til yfirséttanefndar teljist afturkölluð. Í tilkynningu um þetta til [málsaðila]<sup>2)</sup> skal tilgreina þær breytingar sem af endurákvörðun mundi leiða. Veita skal [málsaðila]<sup>2)</sup> 15 daga frest til að fara fram á endurákvörðun á þessum grundvelli og er hún ekki heimil án samþykkis hans. Fari [málsaðili]<sup>2)</sup> fram á endurákvörðun skal ríkisskattstjóri tilkynna það yfirséttanefnd þegar í stað. . . .<sup>1)</sup><sup>5)</sup>

<sup>1)</sup> L. 136/2009, 72. gr. <sup>2)</sup> L. 123/2014, 2. gr. <sup>3)</sup> L. 123/2014, 6. gr. <sup>4)</sup> L. 129/2004, 96. gr. <sup>5)</sup> L. 96/1998, 5. gr.

#### [Birting úrskurða.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 136/2009, 73. gr.

■ **14. gr.** Yfirséttanefnd skal [birta á vefsíðu sinni]<sup>1)</sup> helstu úrskurði nefndarinnar árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í þeirri útgáfu en tryggja ber að úrskurðir, sem fordæmisgildi hafa, birtist þar.

<sup>1)</sup> L. 136/2009, 73. gr.

#### Málskot til dómstóla.

■ **15. gr.** [Úrskurður yfirséttanefndar er fullnaðarúrskurður á stjórnisýslustigi.]<sup>1)</sup>

□ [Frestur [ráðherra]<sup>2)</sup> til málshöfðunar í tilefni af úrskurði yfirséttanefndar er sex mánuðir.

□ Nú telur [stjórnvald]<sup>1)</sup> ástæðu til að mæla með því við [ráðherra]<sup>2)</sup> að höfðað verði mál í því skyni að fá úrskurði yfirséttanefndar hnekkt og getur [stjórnvaldið]<sup>1)</sup> þá jafnframt farið þess á leit við yfirséttanefnd að úrskurðurinn verði ekki látinn hafa fordæmisgildi að svo stöddu. Yfirséttanefnd er heimilt að fallast á slíkt erindi ef sýnt þykir að skattframbæmd gæti raskast bagalega ef niðurstöðu úrskurðar yrði breytt með dómi. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan frests skv. 2. mgr. eða ef dómari fellst ekki á flýtimeðferð málsins eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála.

□ Sé mál höfðað vegna úrskurðar yfirséttanefndar er nefndinni heimilt að fresta afgreiðslu annarra sambærilegra mála sem til meðferðar eru fyrir henni.<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 123/2014, 7. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 163. gr. <sup>3)</sup> L. 96/1998, 6. gr.

#### Vanhæfi nefndarmanns.

■ **16. gr.** Skylt er nefndarmanni að víkja sæti úr nefndinni í máli ef honum hefði borið að víkja sæti sem héraðsdómari í málinu.

□ Þá er nefndarmanni óheimilt að sitja í nefndinni til úrskurðar um kærsmål [málsaðila]<sup>1)</sup> sem hann hefur haft afskipti af í fyrri störfum sínum og varðar skattákvörðun viðkomandi.

<sup>1)</sup> L. 123/2014, 2. gr.

#### Starfsmenn yfirséttanefndar.

■ **17. gr.** Yfirséttanefnd er heimilt að ráða sér starfsmenn til undirbúnings úrlausna mála auk almennra skrifstofustarfa eftir nánari ákvörðun Alþingis á fjárlögum hverju sinni.

#### Gjaldabreytingar.

■ **18. gr.** [Þegar yfirséttanefnd hefur lokið úrskurði máls skal hún senda málsaðila, umboðsmanni hans og stjórnvaldi eintak úrskurðar. Stjórnvald skal framkvæma gjaldabreytingar sem stafa af úrskurði yfirséttanefndar að jafnaði innan tíu virkra daga frá því að úrskurður barst. Ráðherra er þó heimilt að ákveða með reglugerð<sup>1)</sup> að yfirséttanefnd framkvæmi gjaldabreytingar er varða ákveðna skatta og/eða gjöld. Máls-

aðilum skal tilkynnt um niðurstöðu máls og breytingu gjalda í ábyrgðarbréfi, í almennri póstsendingu eða rafrænt.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 1146/2014, <sup>2)</sup> L. 123/2014, 8. gr.

#### *Þagnarskylda.*

■ **19. gr.** Starfsmönnum yfirskattaneftndar er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara, þar á meðal um tekjur og efnahag [málsaðila].<sup>1)</sup> Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Hafi óviðkomandi aðili lagaheimild til að krefja yfirskattaneftnd ofangreindra upplýsinga skal sama þagnarskylda hvíla á þeim sem fær slíkar upplýsingar nema ríkari þagnarskylda hvíli á honum að lögum.

<sup>1)</sup> L. 123/2014, 2. gr.

#### *Reglugerð.*

■ **20. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að kveða nánar á um starfs-hætti og störf yfirskattaneftndar með reglugerð,<sup>2)</sup> þar með talið um réttarfarsreglur sem nefndin skal starfa eftir.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 163. gr. <sup>2)</sup> Rg. 1146/2014.

#### *Eftirlit.*

■ **21. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> hefur eftirlit með störfum yfirskatta-neftndar og fylgist með að hún ræki skyldur sínar. Árlega skal

yfirskattaneftnd senda [ráðherra]<sup>1)</sup> skýrslu um störf sín.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 163. gr.

#### *Sektarmeðferð.*

■ **22. gr.** Yfirskattaneftnd úrskurðar um sektir fyrir brot á lögum þeim sem talin eru í 2. gr. laga þessara nema máli sé vísað til [rannsóknar lögreglu]<sup>1)</sup> og dómsmeðferðar. Við meðferð máls skal gæta ákvæða laga um meðferð [sakamála]<sup>1)</sup> að því er varðar rétt sökunautar og varnir hans. [Skatt-rannsóknarstjóri ríkisins]<sup>2)</sup> kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni við ákvörðun sekta og annast kröfugerð í sektarmálum. Úrskurðir nefndarinnar um sektarfjárhæð eru fullnaðarúrskurðir. Sektir skulu renna í ríkissjóð, nema vegna brota á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, en þá skal sektarfjárhæð renna í viðkomandi sveitarsjóð.

□ Um innheimtu sekta gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags samkvæmt lögum sem talin eru upp í 2. gr. laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr. <sup>2)</sup> L. 111/1992, 27. gr.

#### *Gildistaka.*

■ **23. gr.** Yfirskattaneftnd skal hefja störf 1. júlí 1992. . . .

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.–IV.** . . .